



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

**HEILLAÓSKIR TIL LANDSLIÐA  
KVENNA OG STÚLKNA  
Í HÓPFIMLEIKUM**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í morgun,  
sunnudaginn 21. október 2012, sent landsliðum stúlkna og kvenna í  
hópfimleikum eftirfarandi heillaóskir:

„Við Dorrit óskum ykkur hjartanlega til hamingju með glæsilegan  
árangur. Gullverðlaun ykkar bætast nú á afrekaskrá fremsta íþróttafólks  
landsins. Þessi árangur er Íslandi til sóma enda samgledst þjóðin ykkur  
innilega.“

*21. október 2012*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400),  
Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson  
skrifstofustjóri (820 4946).*